



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000

VÍKURFRÉTTIR

FIMMUDAGUR 20. JÚNÍ 2024 // 25. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK



Finnst æðislegt að
keppa á mótum



Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Friðrik Georgsson við stuðlabergið þar sem nafn Friðriks hefur nú verið skráð í hóp þeirra sem dregið hafa þjóðfánann að húni á 17. júní. VF/Hilmar Bragi

Friðrik dró fánann að húni í Reykjanesbæ

Það kom í hlut Friðriks Georgssonar, rafvélavirkjameistara, að draga þjóðhátíðarfánann að húni í skráðgarðinum í Keflavík á þjóðhátíðardaginn á 80 ára afmæli lýðveldisins. Friðrik er áttæður á þessu ári og því jafnaldri lýðveldisins Íslands. Eftir að Friðrik hafði dregið fánann að húni með aðstoð skáta úr skátafélaginu Heiðabúum fór hann að stuðlaberginu í skráðgarðinum og afhjúpaði þar nafn sitt á steininum. Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, flutti honum svo þakkarorð.

Fleiri myndir frá 17. júní á síðu 11



Friðrik Georgsson dregur þjóðfánann að húni í skráðgarðinum í Keflavík á 17. júní.

Fundu rúmlega 70 gráðu heitt vatn á Miðnesheiði:

Frostfrí Suðurnes með lághita úr Rockville

Borun eftir lághita við Rockville á Miðnesheiði hefur skilað góðum árangri. Þar streymir nú upp vatn sem er yfir 70 gráðu heitt. Auður Agla Óladóttir, jarðfræðingur hjá ÍSOR, segir holuna sem var boruð við Rockville vera mjög vel heppnaða.

Í vetur var ráðist í neyðarverkefni á vegum Almanna- og Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra. Lagt var upp með að bora þrjár djúpar tilraunaholur í leit að lághita og koma upp vara hitaveitu ef röskun verður á starfsemi hitaveitunnar í Svartsengi vegna eldsumbrota. Að borunum standa HS Orka, Ísor og Almanna- og Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra. Holurnar eru svo boraðar í samstarfi Jarðborana og Ræktunarsambands Flóa og Skeiða.

Í vetur var boruð hola á Njarðvíkurheiði, nálægt Stapafellsvegi. Hún er að gefa um 30 sekúndulítra af um 40 gráðu heitu vatni. Í byrjun sumars var svo ráðist í borun á Miðnesheiði við Rockville. „Það er mjög vel heppnuð hola. Hún er að gefa um 30 sekúndulítra af yfir 70 gráðu heitu vatni. Ef holan er notuð til skamms tíma má ná mun meira magni úr henni á sekúndu,“ segir Auður Agla í samtali við Víkurfréttir.

Holan við Rockville gjörbreytir stöðunni í heitavatnsmálum á Suðurnesjum til betri vegar. Vatnið er salt og verður notað til að hita upp kalt ferskvatn. Að sögn Auðar



Jarðborinn að störfum í byrjun mánaðarins. VF/Hilmar Bragi

Öglu mun það magn sem fæst úr holunni við Rockville nýtast til að halda húsum á Suðurnesjum frostfríum komi upp svipuð staða og í vetur þegar Njarðvíkuræðin brast undan hraunstraumi.

Nú á eftir að bora eina tilraunaholu til viðbótar við Vogshól áður en framhaldið verður ákveðið.

Möguleikar eru á að bora fleiri holur við Rockville og ná upp meira magni af heitu vatni þar. Það er hins vegar verkefni framtíðarinnar og er utan þess neyðarverkefnis sem almanna- og Almannavarnir réðust í á svæðinu.



Borteigurinn í Rockville. Í baksýn sést til Reykjanesbæjar og til fjallanna við Grindavík þar sem nú gýs. VF/Hilmar Bragi

Þurfum að byrja strax á næsta verkefni

Guðný Birna, forseti bæjarstjórnar, í viðtali í miðopnu



Samfélagssjóður HS Orku styrkir björgunarsveitirnar á Suðurnesjum

Úthlutað hefur verið úr Samfélagssjóði HS Orku í fyrri úthlutun ársins 2024. Alls eru veittir fimmtán styrkir til fjölbreyttra samfélagsverkefna vítt og breytt um landið. Í maíúthlutun sjóðsins fá allar fimm björgunarsveitirnar á Suðurnesjum styrki til stuðnings því frábæra starfi sem sveitirnar hafa unnið á krefjandi tímum í landshlutanum.

Meðal annarra verkefna sem hljóta styrki eru verkefni Knattspyrnu-deildar Keflavíkur sem snýr að virkni og vellíðan flóttafólks og hælisleitenda, Þekkingarþing hjá Þekkingarsetri Suðurnesja, menningartengd ferðaþjónusta við Hvalsnes og uppbygging útiadstöðu við Verzlunarfélag Árneshrepps, sem og styrkur til Skotdeildar Keflavíkur til uppsetningar blýfangara á Hafnaheiði.

Næsta styrkúthlutun úr sjóðnum verður í október 2024 og tekið verður á móti umsóknum í gegnum umsóknarsvæði á vefsíðu HS Orku frá 1. til 30. september næstkomandi.

Verkefni sem hljóta styrk úr Samfélagssjóði HS Orku í maí 2024:

Björgunarsveitin Þorbjörn í Grindavík

Björgunarsveitin Suðurnes

Björgunarsveitin Ægir í Garði

Björgunarsveitin Skyggvir í Vogum

Björgunarsveitin Sigurvon í Sandgerði

Knatts.deild Keflavíkur – Virkni og vellíðan flóttafólks og hælisleitenda

Menningartengd ferðaþjónusta – Upplýsingaskilti við Hvalsnes

Þekkingarsetur Suðurnesja – Þekkingarþing 2024

Verzlunarfélag Árneshrepps – Útiadstaða

Grjóthleðslunámskeið í Höfnum

Tónlistarfélagið Ellj – Tónleikaröð Elljjar í Reykjanesbæ

Act Alone – Listahátíð á Suðureyri

Skotdeild Keflavíkur – Blýfangari á Hafnaheiði

Sjálfsbjörg – Kriki við Elliðavatn

Steinbogi – Tímaritið Skiphóll



Allt hreint
Umhverfissvöttuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Frá undirritun samkomulagsins. Fulltrúar Reykjanesbæjar og Samherja fiskeldis samankomnir í Rokksafni Íslands. VF/Hilmar Bragi

Samið um aðkomu Reykjanesbæjar að fiskeldi Samherja á Reykjanesi

Samherji fiskeldi ehf. og Reykjanesbær undirrituðu á þriðjudag samkomulag um aðkomu sveitarfélagsins að uppbyggingu Samherja fiskeldis ehf. á landeldisstöð í Auðlindagarði HS Orku á Reykjanesi. Fiskeldisstöðin samanstendur af seiðastöð, áframeldisstöð og vinnsluhúsi ásamt stöð- og tæknibyggingum. Eldisstöðin miðast við laxeldi en þó er gert ráð fyrir möguleikanum að í stöðinni geti einnig verið bleikju- og regnbogasilungselði.

Í umhverfismatsskýrslu verkefnisins kemur fram að aðstæður í Auðlindagarðinum séu afar hagstæðar hvað snertir aðgengi að jarðsjó, ylsjó og rafmagni. Allt frárennsli stöðvarinnar verður hreinsað til að lágmarka álag á viðtaka. Samherji fiskeldi stefnir á að framleiðslugeta nýrrar eldisstöðvar verði 40.000 tonn á ársgrundvelli. Til framleiðslunnar áætlað félagið

að nota að hámarki 30.000 l/s af jarðsjó, um 100 l/s af ferskvatni og um 3.200 l/s af ylsjó frá Reykjanesvirkjun sem í dag rennur að hluta ónýttur til sjávar.

Ráðgert er að framkvæmdir við eldisgarðinn hefjist þegar fjármögnun og öllum leyfismálum tengdum framkvæmdinni er lokið og verður þeim skipt í þrjá áfanga. Framkvæmdir við fyrsta áfanga taka um tvö ár en heildar framkvæmdatími er um tíu ár.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri segir þetta samkomulag í megin dráttum þriðja. „Í fyrsta lagi er fyrirtækinu heimilað að reisa vinnubúðir á svæðinu fyrir þá 300 starfsmenn sem koma til með að vinna þar á framkvæmdatímanum og í öðru lagi að annast sjálft alla gatnagerð innan lóðar. Fyrir þetta mun fyrirtækið greiða Reykjanesbæ 200 milljónir. Og þar sem svæðið gæti mögulega

farið af stað í þeim jarðhræringum sem standa yfir er tekið á því að fyrirtækið ber alla ábyrgð á sínum eignum og getur ekki krafði Reykjanesbæ um bætur ef það verður fyrir tjóni.“ Við uppbyggingu landeldisstöðvar af þessari stærðargráðu verður til mikil þekking og reynsla tengd fiskeldi á landi og nýtingu jarðhita við starfsemi. Í eldisstöðinni koma til með að starfa um 100 starfsmenn með mismunandi menntun og reynslu þegar stöðin verður komin í fullan rekstur, en á framkvæmdatíma má jafnframt gera ráð fyrir að 300-400 starfsmenn vinni við byggingu stöðvarinnar, þ.e. iðnaðarmenn, starfsmenn vertaka og tæknimenn. Þá eru ótalin afleiðd störf, bæði á framkvæmdatíma og eftir að rekstur hefst.



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vt.is



Spennandi hlutir að gerast við Reykjanesvita

Vitavardarhúsið og Reykjanesviti. Kaffihús er að opna í vitavardarhúsinu og endurbætt og stærri sýning í Vélarhúsinu. VF/Hilmar Bragi

Senn líður að enduopnun og stækkun sýningarinnar „Leiðarljós að lífhöfn“ í Vélarhúsinu við Reykjanesvita, sem Eiríkur P. Jörundsson vann fyrir Hollvina-samtök Reykjanesvita. Þá verður opnað nýtt og hlýlegt kaffihús í nýuppgerðu íbúðarhúsi vitavarda

og þar er einnig hluti sýningarinnar.

Stefnan er sett á að opna sýninguna og kaffihúsið seinna í júní en lokafrágangur er eftir á umhverfi við vitavardarhúsið og tenging á nokkrum lögnum.



Þjónustuteymi Grindavíkur tekið til starfa

Þjónustuteymi Grindavíkinga var sett á fót þann 1. júní sl. Teymið leggur áherslu á að styðja við íbúa Grindavíkur, bæði þá sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu og þá sem flytja eða hafa flutt lögheimili í annað sveitarfélag.

Þjónusta teymisins nær til margvíslegra þátta þar á meðal sálræns og félagslegs stuðnings, ráðgjöf um atvinnu- og húsnæðismál, skóla- og tómsundastarfs barna og ungmenna. Þjónustu-




teymið býður einnig upp á ráðgjöf í gengum fjarviðtöl á netinu. Teymið leggur áherslu á aðgengi að þjónustu hvar sem Grindavíkingar eru búsettir.

Hægt er að bóka viðtal hjá ráðgjöfum teymisins í gegnum Fyrir Grindavík | Ísland.is (island.is) eða hringja í síma 5450200 á milli 10:30 til 12:00 mánudaga til fimmtudaga.

TOKYO SUSHI OPNAR Á COURTYARD BY MARRIOTT

Veitingastaðurinn Tokyo Sushi
opnar á Courtyard by Marriott
hótelinu í Reykjanesbæ 1. júlí

Matseðillinn verður fjölbreyttur og
framandi en sá hefðbundni á Tokyo Sushi



COURTYARD[®]
BY MARRIOTT

Reykjavík Keflavík
Airport



Aðalgata 60, 230 Reykjanesbær
www.marriott.com/KEFCY
+ 354 599 6100

Starfsfólk The Bridge Restaurant &
Bar þakkar gestum fyrir viðskiptin,
hlýjuna og góð samskipti á síðustu
árum og hlakkar til að taka á móti
sem flestum á Tokyo Sushi



Skannaðu QR kóðann til
að gerast Marriott
Bonvoy meðlimur og
fáðu betri kjör á Marriott
hótelum um allan heim

VÍS opnar þjónustuskrifstofu í Reykjanesbæ

VÍS opnar þjónustuskrifstofu við Hafnargötu 57 í Reykjanesbæ í vikunni og munu þrjár starfsmenn vera þar með fasta viðveru. „Það er ekki á hverju degi sem fyrirtæki fjölga þjónustuskrifstofum um landið og hlakkar starfsfólki VÍS til að taka vel á móti gestum á nýju skrifstofunni,“ segir í frétt frá VÍS.

„Við erum bæði stolt og spennst fyrir því að opna nýja skrifstofu í Reykjanesbæ. Við viljum þjónusta viðskiptavinum okkar á Reykjanesinu sem allra best og skiptir nálægð við þá okkur miklu máli. Það eru margar fjölskyldur og fyrirtæki í viðskiptum við okkur á svæðinu sem fer ört stækkandi og viljum við vera til staðar fyrir þau,“ segir Guðný

Helga Herbertsdóttir, forstjóri VÍS.

VÍS verður með húllumhæ á fyrsta degi opunar, föstudaginn 21. júní frá 13:00 til 15:00. Það verða léttar veitingar í boði, VÍS bikarar Keflavíkur verða til sýnis og skemmtilegur leikur þar sem í vinning er 100.000 kr. gjafabréf hjá Icelandair.

„Það er tilvalið að koma á föstudaginn og taka út nýju og glæsilegu skrifstofuna okkar og hitta fólkið sem mun veita íbúum Reykjanes frábæra þjónustu,“ segir Guðný Helga.

Þjónustuskrifstofa VÍS er staðsett á Hafnargötu 57 og verður opin alla morgna frá kl. 9:00 til kl. 16:00 nema á föstudögum þegar lokar kl. 15:00.



Guðný Helga Herbertsdóttir, forstjóri VÍS.

Vona að fljótlega skapist aðstæður til að leggja niður lokunarpósta

Lögð var fram áskorun fyrirtækjaeigenda í Grindavík til bæjarstjórnar Grindavíkur varðandi lokunarpósta á síðasta fundi bæjarstjórnar Grindavíkur.

Við þetta tækifæri lagði bæjarstjórn fram bókun:

Bæjarstjórn Grindavíkur bindur miklar vonir við að fljótlega skapist aðstæður til að leggja niður lokunarpóstana. Sú framkvæmd og mat á þörf fyrir lokunarpósta liggur í höndum lögreglustjórans á Suðurnesjum og framkvæmdarnefndarinnar eins og lög kveða á um. Bæjarstjórn hvetur framangreinda aðila til að skoða áskorunina með jákvæðum augum.



Fjölmennt var í sögugungunni í Höfnum þar sem fornleifar frá því fyrir landnám Íslands voru skoðaðar. VF/Hilmar Bragi

Mikill áhugi á landnámsskála í Höfnum

VF REYKJANESBÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Um sextíu manns tóku þátt í sögugöngu í Höfnum þar sem Ármann Guðmundsson, fornleifafræðingur, leiddi gesti um minjasvæðið í Höfnum þar sem skáli frá 9. öld fannst og sagði frá rannsókninni á honum.

Skálinn var líklega reistur fyrir þann tíma sem almennt er talið að landið hafi verið numið, og virðist hann hafa verið í notkun fram á 10. öld.

Landnámsskálinn fannst við Kirkjuvogskirkju árið 2003 þegar unnið var að fornleifaskráningu í bæjarlandinu. Þegar prufuholur voru gerðar kom í ljós að skálinn gæti ekki verið yngri en frá aldamótunum 900 sem setur hann í flokk meðal elstu byggðarleifa á Íslandi. Jarðvegsmæling á öllu svæðinu sýndi svo fleiri rústir og þykir það sérstaklega áhugavert þar sem ekki hefur verið byggt ofan á rústirnar eins og venja hefur verið. Talið er að íbúarnir hafi búið á staðnum í nokkra áratugi en síðan flutt í burt eða flutt bæjarstæðið til.



Áhugasamir gestir í sögugöngunni.

Vilja lengri opnunartíma og að komið verði fyrir nytjagámi

„Bæjarstjórn Grindavíkur leggur til að Kalka endurskoði opnunartíma gámasvæðisins í Grindavík, tíðari losun þess og auki aðgengi að svæðinu tímabundið á meðan eftirspurn eftir þjónustunni er mikil með því að lengja opnun á laugardögum og að hafa opið á sunnudögum.“

Jafnframt óskar bæjarstjórn eftir því að nytjagámi verði komið fyrir í bæjarfélaginu til að lágmarka umhverfisáhrif og almenna sóun. Þá er óskað eftir viðræðum við Kólku um almenna sorphirðu í Grindavíkurbæ,“ segir í bókun frá síðasta fundi bæjarstjórnar Grindavíkur.

Á fundinum var lagður fram tölvupóstur frá Kólku varðandi opnunartíma gámaplans og fjölda

sorpílata við íbúðarhúsnæði í Grindavík.

Kalka hefur brugðist við bókun bæjarstjórnar og hefur ákveðið að breyta tímabundið opnunartíma á móttökustöð fyrirtækisins í Grindavík og verður opnun eins og hér segir:

Mánudaga til föstudaga frá kl. 13:00 til 19:00. Þá verður opið laugardaga frá kl. 10:00 til 17:00.

Þakka trúmennsku og skilning

Uppsagnarbréf til 149 starfsmanna Grindavíkurbæjar hafa verið afhent. Starfsmannamál voru til umræðu á síðasta fundi bæjarstjórnar Grindavíkur.

Í afgreiðslu bæjarstjórnar segir: „Bæjarstjórn þakkar kærlega fyrir trúmennsku, skilning og samvinnu starfsmanna við að leysa þetta erfiða verkefni og óskar starfmönnum velfarnaðar á nýjum vettvangi.“



Fannar fékk riddarakross á Bessastöðum

Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík, var á meðal sextán Íslendinga sem sæmdir voru heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á Þjóðhátíðardaginn, 17. júní, við hátíðlega athöfn á Bessastöðum.

Fannar hlaut riddarakross fyrir þjónustu í þágu samfélagsins á tímum hamfara.



Þátttakendur í sögugöngunni höfðu mikinn áhuga viðfangsefninu, búsetu á svæðinu fyrir formlegt landnám og hverra þjóða þetta fólk var.

Nokkuð ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á aldri rústa í Höfnum og einnig hefur verið skoðað hvers eðlis búsetan var. Áhugaverðar tilgátur hafa komið fram til dæmis að ekki sé um venjulegt bændabýli að ræða heldur sé hér að finna könnunarbúðir sem menn nýttu við að kanna landshagi og til að nýta t.d. hvaltennur og rostungatennur sem voru afar verðmæt á þessum tímum. Þegar fornleifarannsóknir hófust árið 2009 kom í ljós að þótt skálinn væri af venjulegri gerð þá

vantaði öll útihús sem ávallt fylgja slíkum húsum.

Skálinn hefur verið rannsakaður, árin 2009, 2011 og 2012, auk þess sem könnuð hafa verið svæði þar sem möguleiki er að fleiri rústir finnist. Aðeins hafa fundist óverulegar byggingar en hvert hlutverk þeirra var, er ekki ljós. Þessi skortur á útihúsum hefur vakið upp efasemdir um að skálinn hafi verið bændabýli en mögulega er hér um útstöð að ræða, stað sem menn byggðu sér og nýttu er þeir komu hingað til að nýta og kanna landið.



Húllumhæ í Hafnargötu!

Föstudaginn 21. júní | Kl. 13:00 – 15:00 | Hafnargata 57

Við erum að opna nýja og glæsilega þjónustuskrifstofu í Reykjanesbæ og bjóðum þér að koma og fagna með okkur.

- VÍS kaka og ís í boði.
- Lukkuleikur þar sem þú getur unnið 100.000 gjafabréf með Ícelandair.
- VÍS bikarar Keflavíkur verða til sýnis.



Hlökkum til að sjá ykkur!





Vertíð í slippnum í Njarðvík

Þegar ein vertíð er búinn tekur önnur við - og núna er það strandveidivertíðin eins og fram hefur komið. Það er líka vertíð hjá fólkinu sem starfar í slippnum í Njarðvík því núna er vægast sagt ansi margir bátar komnir þar upp.

Myndin sem fylgir þessum pistli sýnir reyndar ekki bátana sem eru vinstra megin, sem sé bak við gistiheimilið en það er ansi mikið um stóra báta sem eru komnir í slippinn.

Við getum byrjað á vorboðanum sem kemur árlega í slippinn í Njarðvík, Steinunn SH sem er lengst til hægri á myndinni. Þessi bátur kemur árlega en núna á að hreinsa bátinn, mála hann allan og eitthvað fleira.

Fremst á myndinni má sjá tvo báta sem eru systurbátar, þetta eru Faxaborg SH og Guðbjörg GK. Þessir tveir hafa verið í slippnum í Njarðvík í töluverðan tíma. Reyndar er Guðbjörg GK skráð núna undir nafninu Oddbergur GK 22, þessi bátur landaði síðast í júlí árið 2019. Faxaborg SH hefur verið lengur frá veiðum, því báturinn landaði síðast í apríl árið 2017.

Báðir þessir bátar komu til landsins rétt eftir aldamótin og þeir voru alls níu sem komu. Þeir voru kallaðir Kínabátarnir enda voru þeir allir smíðaðir í Kína. Bátarnir sem komu hétu Sæljón RE, Vestri BA, Garðar BA, Sigurbjörg ST, Ólafur GK, Eyvindur KE, Rúna RE, Ársæll Sigurðsson HF og Ýmir BA.

Saga sumra af þessum bátum var stutt, til dæmis fór Ólafur GK aldrei til veiða og Eyvindur KE fór heldur aldrei til veiða og lentu eigendur þessara báta í töluverðu basli með bátana þegar þeir komu til landsins, enda var glussakerfi flestra þeirra ónýtt og þurfti að skipta um það allt í bátunum. Tók langan tíma að gera bátanna þannig að þeir yrðu sjóklárir. Fyrsti báturinn sem var klár af þeim var Vestri BA en þessi bátur heitir í dag Siggi Bjarna GK.

Annar Kínabátanna á myndinni, Guðbjörg GK, var fyrsti báturinn af þessum Kínabátum sem var byggt yfir en þá hét hann Ársæll Sigurðsson HF og í raun var hann eini báturinn af þessum níu sem ekki var hannaður fyrir tog og dragnótaveiðar. Hinir allir voru hannaðir sem dragnóta- og trollbátar.

Hinn, Faxaborg SH, hét fyrst Garðar BA og var hann með því nafni til 2003 þegar að hann fékk nafnið Sólborg RE. Hann fékk nafnið Faxaborg SH árið 2014 og var þá búin að byggja yfir bátinn og breyta honum úr dragnótabáti yfir í línubát.

Eins og segir þá voru bátarnir níu sem komu til landsins en núna eru fjórir hérna á Íslandi; Gunnar Bjarnason SH og Matthías SH á Snæfellsnesi og Siggi Bjarna GK og Benni Sæm GK í Sandgerði. Gunnar Bjarnason SH hét fyrst Rúna RE, Matthías SH hét fyrst Vestri BA, Benni Sæm GK hét fyrst

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
gisli@afrafrettir.is



Sæljón RE og Siggi Bjarna GK hét fyrst Ýmir BA.

Bak við þessa tvo báta er báturinn með gulu brúna, það er Magnús SH, en hann er gerður út frá Rífi. Hann var smíðaður á Akureyri árið 1974 og hefur aldrei verið í útgerð frá Suðurnesjum en eigandinn er Skarðsvík ehf. Það fyrirtæki gerði út mjög aflasæla báta í allmörgum ár sem hétu Skarðsvík SH, bátar undir því nafni voru mikil aflskip bæði á loðnu og netum - og það má geta þess að Sighvatur GK, sem Vísir ehf. í Grindavík á og gerir út, hét eitt sinn Skarðsvík SH.

Við hliðina á Magnúsi SH er Sigurfarir GK en þessi bátur var líka smíðaður í Kína eins og þessir níu Kínabátar, hann kom til landsins árið 2001 og hét þá Happsæll KE. Sigurfarafararnir fékk báturinn árið 2020 og verður báturinn líklega í slippnum í allt sumar því það á að taka upp girinn í bátunum og til þess að það sé hægt þá þarf að skera gat á síðuna ásamt því að hreinsa allan bátinn og heilmála.

Svo það er alveg óhætt að segja að það sé vertíð í slippnum í Njarðvík.

Hafdís Birta fjallkona Suðurnesjabæjar 2024

Fjallkona Suðurnesjabæjar 2024 við hátíðarhöld Þjóðhátíðardagsins var Hafdís Birta Hallvarðsdóttir. Hún bar skautbúning og las upp ljóð eftir Ingibjörgu Sigurðardóttur, rithöfund, sem lengst af bjó í Sandgerði.

Ljóðið heitir „17. júní 1948“ og var flutt í Sandgerði 17. júní 1948. Ljóðið má finna í ljóðabókinni „Hugsað heim“, sem var útgefin 1962.

Eftir fánahyllingu, sem skátar sáu um við Gerðaskóla mætti fjallkonan á Byggðasafnið á Garðskaga og fór í rithöfundahornið sem nú er tileinkað Ingibjörgu Sigurðardóttur, rithöfund.

A Garðskaga var einnig hátíð á sjálfan Þjóðhátíðardaginn. Tónlist var flutt í Garðskagavita, lýðveldisvitanum frá 1944. Þá var hægt að drekka í sig stemningu síðustu aldar á byggðasafninu, þar sem eru áhugaverðar sýningar og munir. Byggðasafnið er opið alla daga í allt sumar og frítt er inn á safnið.



Í lýðveldisvitanum frá 1944 voru tónleikar á Þjóðhátíðardaginn. Tónlistarflutningur í víta hljómað öðruvísi. Til hægri sjá Fjallkonuna í rithöfundahorninu á Byggðasafninu á Garðskaga.

Myndir: Byggðasafnið á Garðskaga og Ódýn Krístrún Ásgeirsdóttir.

Þorbjörn segir upp öllu landverkafólki

■ nýr ísfisktogari, Hulda Björnsdóttir, kemur í júlí

Fyrirtækið Þorbjörn á sér um 70 ára sögu útgerðar og vinnslu í Grindavík. Þorbjörn hefur eins og önnur grindvísk sjávarútvegafyrirtæki, reynt að halda rekstrinum gangandi en eftir seinasta eldgos sem leiddi af sér rafmagnsleysi í viku, var ákveðið að hætta landvinnslu í Grindavík.

Stærstur hluti reksturs Þorbjarnar er í gegnum frystitogarana Tómas Þorvaldsson og Hrafn Sveinbjarnarson og því var ekki flókin ákvörðun að hætta landvinnslunni í bili segir Gunnar Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnar.

„Við tókum þessa ákvörðun út frá okkar rekstri, við reyndum að vinna með ástandinu í vetur og sjáum ekki eftir þeim tilraunum en þetta er einfaldlega ekki að ganga upp og því munum við ekkert gera fyrr en ástandið lagast. Að sjálf-sögðu viljum við sjá bæinn opnast en á meðan engin þjónusta er í bænnum er erfitt fyrir starfsfólki að búa hér. Það er samt ekki aðalástæðan, þetta hafa verið of miklar truflanir þegar atburður fer af stað, núna seinast fór rafmagnnið í nokkra daga og fyrr í vetur var hitaveitan biluð í nokkrar vikur.

Stærsti hluti tekna okkar kemur frá frystitogurunum okkar og nú munu hin skipin einfaldlega landa afla sínum á markað og þannig fáum við hæsta mögulega verð fyrir fiskinn. Við teljum ekkert vit í að starta vinnslunni annars staðar, við erum með frábæran tækjakost í húsakynnum okkar í Grindavík og bíðum bara eftir að náttúran fari að hægja á sér og lífið komist í eitthvað sem er nálægt eðlilegu ástandi, þá munum við að sjálf-sögðu keyra allt af stað á ný.“

Gunnar segir að von sé á nýju skipi, ísfisktogaranum Huldu Björnsdóttur en komu skipsins hefur seinkað.

„Við eigum von á nýja skipinu í júlí en það er ekkert stress á að bæta því flotta skipi í flotann.



Skipið mun landa afla sínum á markað eins og hin tvö skipin en svo auðvitað vonumst við eftir að við getum landað sem mest í Grindavík og munum ekki láta okkar eftir liggja í að byggja fallega bæinn okkar upp á ný,“ sagði Gunnar að lokum.



Bíla viðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
www.bilarogpartar.is

Rétturinn
Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÓF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyirn.is //

Allt fyrir helgina!

Tilboð gilda 20.–23. júní

KB lambalæri stutt



2.197 kr/kg
3.139 kr/kg

30%

nettó



Gott verð!

Vínarpylsur, 5 stk.

229 kr/pk
369 kr/pk

30%



Mangó

629 kr/kg
899 kr/kg

KJÖTSEL



25%

Kjúklingalæri, úrbeinuð, í grillmaríneringu

1.867 kr/kg
2.489 kr/kg

nettó



25%

Kjúklingalæri með legg

1.724 kr/kg
2.299 kr/kg

ÍSFLUGL



25%

Sterkir kjúklingaleggir

1.124 kr/kg
1.499 kr/kg

Föstudagar eru pizzudagar



Opnunartímar

Krossmói
Opið 10–19

lðavellir
Opið 10–21



Betra verð með appinu!



Tilboð gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Þurfum að byrja strax á næsta verkefni

Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, segist glöð í hjartanu að sjá hversu allt hafi gengið vel undanfarid.

„Þetta var æðisleg vika og heppnaðist vel. Veðrið var svo gott og þá voru margir skemmtilegir viðburðir. Þetta var frábær vinna hjá menningarstarfsfólkinu okkar og þeim hópum sem komu að þessu. Þau hafa staðið sig vel með barna- og ungmennahátíðina en þetta var næsta verkefni, risastór heil vika með fullt af ígrunduðum viðburðum og eitthvað fyrir alla. Það var gaman alla daga, svo ég tali nú ekki um tónleikana á þaki Hljómahallar. Þeir tókust rosalega vel og ég er eiginlega bara orðlaus. Ég heyrði í okkar allra besta Sverri Bergmann, sem var þarna uppi á þaki, og hann heldur að það hafi verið 1500 til 2000 manns á svæðinu þegar mest var. Ég fæ bara hlýtt í hjartað yfir því að fólkið okkar sé að mæta svona vel á skipulagða viðburði,“ segir Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, í viðtali við Víkurfréttir að aflokinni afmælisviku Reykjanesbæjar, þar sem 30 ára afmæli bæjarins var fagnað. Guðný Birna sagðist alsæl eftir afmælisvikuna.



REYKJANESBÆR

Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Plötuð í pólitík

Hvað fékk þig til að fara að stússast í pólitík?

„Ég var eiginlega plötuð í þetta fyrir tíu árum síðan. Ég mætti þá í viðtal hjá Hauki Guðmundssyni sem fékk mig til að ganga í Samfylkinguna og taka annað sætið á framboðslista í bæjarstjórnarkosningum. Ég lét til fallast en það hefur verið mitt lífsmottó að taka vel í hlutina og prófa nýja hluti og hafa gaman af öllu. Ég slysaðist í þetta en sem betur fer kann ég vel við mig. Þetta er búin að vera ótrúleg ferð, vegferð að taka við Reykjanesbæ á erfiðum tímum og núna tíu árum síðar að sjá hvert

bærinn er kominn, orðinn 30 ára þar sem hefur verið rosaleg fjölgun og mikið um að vera. Ég er bara glöð í hjartanu að sjá hversu vel þetta hefur gengið undanfarin ár. Ég er heppin að hafa unnið með góðu fólki og við eigum frábært starfsfólk hjá bænum okkar. Það eru allir metnaðarfullir að gera okkur æðisleg og við erum á þannig vegferð.“

Þið hafið fengið fullt af verkefnum í hendurnar?

„Já, heldur betur. Og núna á miðju þriðja kjörtímabili var ég að vonast til að við gætum farið í gæluverkefni og eyða peningum í eitthvað gleðilegt, en þá lendum við í þessum hörmungum sem húsnæðisskemmdirnar voru, bæði í Holtaskóla og Myllubakkaskóla. Reyndar í fleiri stofnunum einnig. Ég kalla þetta hörmungar, því þetta er búin að vera mjög erfitt

og gríðarlega kostnaðarsamt og flókið. Við erum með starfsfólk og nemendur út um allan bæ en sem betur fer erum við að sjá fyrir endann á þessu. Við settum alla okkar áherslu á að laga þessi hús og gera byggingarnar heilsusamlegar vistarverur fyrir okkar allra besta fólk. Það hefur verið okkar fókuspunktur núna.“

Endurnýja byggingar og fjölga

Guðný Birna nefnir einnig þann uppbyggingarfasa að fjölga rýmum á hjúkrunarheimilum, uppbyggingu í leikskólamállum en verið er að byggja tvo nýja leikskóla í Reykjanesbæ og gera gamla barnaskólann við Skólaveg 1 að útibúi frá Tjarnarseli. „Á sama tíma og við erum að endurnýja byggingar, þá erum við líka að fjölga þeim. Þetta er búin að vera snúin og ég hlakka til að þetta klárast.“



Hvernig er samstarfið í bæjarstjórninni?

„Mér finnst það gott. Auðvitað erum við ósammála um ákveðna hluti en svona í grunninn erum við af þeim góða vilja gerð að við viljum gera bæinn okkar betri. Aðferðirnar geta verið mismunandi og það er allt í lagi en í heildina stöndum við okkur vel saman. Auðvitað kemur upp ágreiningur

en við getum rætt okkur niður á lausnir og í heildina er bara gott samstarf verð ég að segja.“

Hver er helsta áskorunin sem Reykjanesbær er að takast á við núna?

„Það er fjölsfjölgunin. Grunnskólarnir eru orðnir mjög fullir og við þurfum að fara að byggja fleiri grunnskóla. Sá næsti verður



SPENNANDI STÖRF HJÁ ÍAV

ÍAV óskar eftir að ráða iðnaðarmenn og verkamenn til starfa hjá félaginu á Reykjanesi. Fjölbreytt störf í boði og góð verkefnastaða. Um er að ræða fullt starf fyrir rétta aðila.

ÍAV leggur mikið upp úr góðri mætingu og reglusemi.

ÍAV er eitt stærsta og öflugasta verktakafyrirtæki landsins og er félagið öflugur þátttakandi á öllum sviðum byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar hvort sem um er að ræða íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði eða opinberar byggingar.

ÍAV starfrækir vottað jafnlaunkerfi og hefur skuldbundið sig að greiða jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Við hvetjum einstaklinga af öllum kynjum til þess að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Sædis Alda Búadóttir mannauðsstjóri (alda@iav.is). Umsókn skal skila á Alfred ráðningarvef <https://alfred.is/starf/idnadarmenn-verkamenn>.

BIFVÉLAVIRKI/VÉLVIRKI

ÍAV óskar eftir að ráða bifvélavirkja/vélvirkja til starfa á vélaverkstæði félagsins í Njarðvík.

Vinnutími er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 07:30 til 16:00 og föstudaga frá kl. 07:30 til 14:00.

Um er að ræða tvær stöður. Annars vegar viðgerðarmaður á verkstæðið í Njarðvík og hins vegar viðgerðarmaður á sérútbúnum Scania verkstæðisbíl sem gerður er út frá verkstæðinu í Njarðvík.

Umsóknarfrestur til og með 28. júní.

VERKSTJÓRI Á JÁRNAVERKSTÆÐI

ÍAV óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa á járnaverkstæði félagsins á Reykjanesi. Fjölbreytt verkefni í boði og góð verkefnastaða. Um er að ræða fullt starf fyrir rétta aðila.

Við leitum að verkstjóra til að leiða járnaverkstæði ÍAV og framtíðaruppbyggingu þess.

Umsóknarfrestur til og með 10. júlí.

STÁLSMIÐUR/VÉLVIRKI

ÍAV óskar eftir að ráða stálsmiði, vélvirkja eða menn vana stálsmiði til starfa hjá félaginu á Reykjanesi. Fjölbreytt verkefni í boði og góð verkefnastaða. Um er að ræða fullt starf fyrir rétta aðila.

Umsóknarfrestur til og með 10. júlí.

VERKSTJÓRI Í BÚNAÐARDEILD

ÍAV óskar eftir að ráða verkstjóra til starfa hjá félaginu í búnaðardeild á Reykjanesi. Fjölbreytt verkefni í boði og góð verkefnastaða. Um er að ræða fullt starf fyrir rétta aðila.

Við leitum að verkstjóra til að leiða teymi sem sinnir búnaði ÍAV.

Umsóknarfrestur til og með 10. júlí.

VERKAMENN

ÍAV óskar eftir að ráða verkamenn til starfa hjá félaginu í búnaðardeild á Reykjanesi. Fjölbreytt verkefni í boði og góð verkefnastaða. Um er að ræða fullt starf fyrir rétta aðila. Góð laun í boði.

Umsóknarfrestur til og með 10. júlí.



Nánar á [Albert.is](https://alfred.is)



”

Hér er bara æðislegt að vera. Ég nefndi það í ræðu minni á Þjóðhátíðardaginn að börnin mín eru fjórði ættliðurinn í minni fjölskyldu sem býr hér. Það er stutt í allt en ekki þetta öngþveiti sem er á höfuðborgarsvæðinu.

á Ásbrú en við þurfum einnig að fara að huga að þeim næsta á eftir honum. Við erum að byggja upp mjög hratt og það verður áskorun að innviðir passi við þennan fjölsfjölda.

Við höfum tekið á móti mjög mörgum Grindvíkingum og það eru grindvísk börn í öllum okkar skólum, sem er bara frábært. Um leið og við náum að gera eitthvað, þá þarf um leið að fara að huga að næsta. Það er ekki staðreynd hjá Reykjanesbæ að geta byggt leikskóla og sagt að við séum góð næstu fjögur eða fimm ár. Reyndin hefur verið að við þurfum að byrja strax á næsta verkefni, fjölsfjölgunin hefur verið þannig. Aðrir ríkisinnviðir, heilsugæsla eða lögregla, þetta hefur ekki talað saman miðað við þann fjölda sem við erum að sjá og hversu hratt við erum að stækka. Við höfum svölítið þurft að afgreiða þetta allt á hlaupum til að taka vel á móti öllu þessu fólki, sem við viljum vissulega geta.“

Það kom fram í ávarpi á Þjóðhátíðardaginn í Reykjanesbæ að íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um yfir 120% frá stofnun sveitarfélagsins. Þetta eru tölur



sem ekki eru að sjást hjá öðrum byggðarlögum á landinu. Fjölgun í sveitarfélögum er eitt til þrjú prósent á ári og því haft ákveðinn slaka í uppbyggingarfasanum.

„Það höfum við ekki haft. Við þurfum að vera fljót að hugsa, vera á tánum og bregðast skjótt við. Það hefur einkennt okkur undanfarið.“

Hér er æðislegt að vera

Hvers vegna ætti fólk að setjast að í Reykjanesbæ?

„Vegna þess að við erum best. Nei, hér er bara æðislegt að vera. Ég nefndi það í ræðu minni á Þjóðhátíðardaginn að börnin mín eru fjórði ættliðurinn í minni fjölskyldu sem býr hér. Það er stutt í allt en ekki þetta öngþveiti sem er á höfuðborgarsvæðinu. Hér er góð þjónusta og skólakerfið er frábært. Við erum ofboðslega góð í íþróttastarfinu okkar og eigum frábæra íþróttahreyfingu alveg sama hvert horft er, hvort sem það er körfuboltinn, fimleikar eða sund. Við viljum bara gera hlutina vel og náum því langoftast. Við tökum vel á móti fólki og hér er náunga-kærleikur. Hér er bara gott að búa.“

Þú ert búin að vera tíu ár í pólitíkinni. Þegar ég ætlaði að fá þig til viðtals í síðustu viku þá varstu bara komin inn á Alþingi og nóg að gera. Hvernig er að setjast á þing?

„Ég hef verið að lista til Alþingis tvisvar sinnum. Ég var núna í þriðja sæti Samfylkingar í Suðurlkjördæmi og því annar varaþingmaður Oddnýjar Harðardóttur. Varaþingmaður hennar gat ekki tekið sæti fyrir Oddnýju í síðustu viku og þá var ég kölluð til. Það er alltaf áhugavert að setjast á þing og ég hef kosið að vera á lista sem varaþingmaður til að geta tekið sæti á þingi og talað máli Reykjanesbæjar inni á Alþingi Íslendinga. Ég nýti hvert tækifæri þegar það býðst til að leggja áherslu á hvað við erum að upplifa og sérstaklega fjárframlög til okkar. Ég þreystist seint á að vekja athygli á því.“

Ítarlegra viðtal við Guðnýju Birnu verður aðgengilegt í raf-rænni útgáfu Víkurfrétta á föstudag. Viðtalið verður einnig í Suðurnesjamagasíni á vf.is.

”

Auðvitað erum við ósammála um ákveðna hluti en svona í grunninn þá erum við af þeim góða vilja gerða við við viljum gera bæinn okkar betri. Aðferðirnar geta verið mismunandi og það er allt í lagi en í heildina stöndum við okkur vel saman.

Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



Flügger



Elíza með uppáhaldslög í troðfullri Kirkjuvogskirkju

„Uppáhaldslögin mín“ voru tónleikar með Elízu Newman sem haldnir voru í Kirkjuvogskirkju í Höfnum í afmælisviku Reykjanesbæjar. Kirkjubekkirnir voru þétt setnir og taka þurfti fram klappstólana til að allir tónleikagestur gætu fengið sæti.

Elíza Newman og hljómsveit fluttu lög hennar ásamt uppáhaldslögum Elízu tengd Reykjanesbæ í tilefni af 30 ára afmæli Reykjanesbæjar. Á dagskrá voru lög tengd Höfnum og Reykjanesbæ í

bland við hennar eigin. Lög með listamönnum á borð við Vilhjálm Vilhjálm, Elly Vilhjálm, Trúbrot og Hljóma. Með Elízu spiluðu þau Kídda Rokk á bassa, Karl Guðmunds á trommur og Haraldur V. Sveinbjörns á gítar og hljómborð.

Hilmar Bragi, ljósmyndari Víkurfréttu, tók meðfylgjandi ljósmyndir á viðburðinum.



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Myndarlegur hópur sem tók að sér að gróðursetja plönturnar í Innri-Njarðvík. VF/Hilmar Bragi

Afmælislundur sprettur við Kamb

Íbúar Reykjanesbæjar, sem fæddir voru árið 1994, og fagna 30 ára afmæli eins og Reykjanesbær á þessu ári voru boðaðir í skemmtilegan viðburð við Kamb í Innri-Njarðvík í afmælisviku bæjarins. Þar voru gróðursett þrjátíu tré af ýmsum tegundum í því sem á að verða afmælislundur Reykjanesbæjar.

Nokkrir þrítugir bæjarbúar svöruðu kallinu, tóku sér skóflu í hönd og grófu þrjátíu holur í móanum við Kamb. Þar var plöntunum svo komið fyrir með góðum óskum um að þær myndu vaxa og dafna eins og bæjarfélagið.

Áður en ráðist var í gróðursetninguna ávarpaði bæjarstjórnin hópinn og af orðum bæjarstjóra

má ráða að ekki verði mörg ár í að þarna verði Reykjanesbær skógi vaxinn og kominn fallegur lundur með stórum trjám. Þegar plönturnar þrjátíu voru komnar á sinn stað var hópnum svo stillt upp í fallega hópmynd. Vonandi verður svo tekin önnur mynd á sama stað að tíu árum liðnum, þegar Reykjanesbær fagnar 40 ára afmæli.



Frá gróðursetningunni við Kamb í síðustu viku.



Frá sýningu Erlings Jónssonar í innri sal Listasafns Reykjanesbæjar. VF/Hilmar Bragi

Glæsilegar sumarsýningar Listasafns Reykjanesbæjar í Duus safnahúsum

Sumarsýningar Listasafns Reykjanesbæjar voru opnaðar í afmælisviku Reykjanesbæjar, þar sem 30 ára afmæli bæjarins var fagnað. Sumarsýningar eru annars vegar sýning á listmunum eftir Erling Jónsson úr einkasafni fjölskyldu hans. Þá er sýning á verkum úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar og aðallega landslagsverkum eftir íslenska listmálara. Þar á meðal er verk eftir Jóhannes S. Kjarval sem listasafnið fékk að gjöf frá Íslandsbanka.

Sýning á verkum listamannsins Erlings Jónssonar er í innri sal. Sýningin er yfirgripsmikil og sýnir vel þá listsköpun sem Erlingur fékkst við. Einnig eru sýndar ljósmyndir

af listamanninum sem eru í eigu listasafnsins.

Inn í ljósið er sýning á myndverkum úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar. Listamennirnir



eru Áki Gränz, Ásgrímur Jónsson, Ásta Arnadóttir, Ásta Pálsdóttir, Einar Falur Ingólfsson, Eiríkur Smith, Guðmundur Karl Ásbjörnsson, Guðmundur Maríasson, Gunnhildur Þórðardóttir, Gunnlaugur St. Gíslason, Ilmur Stefánsdóttir, Jóhannes Geir Jónsson, Jóhannes S. Kjarval, Jón Stefánsson, Magnús Á. Arnason, Ólafur Túbals, Pétur Friðrik Sigurðsson, Sigmar V. Vilhelmsson og Þorlákur R. Halvorsen.

Sýningarnar munu standa til 18. ágúst 2024.



Frá opnun sýninganna.



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is

Útboð



Dalshverfi 3. áfangi lóðaútboð

Föstudaginn 21.júní verður hafið útboð á íbúðalóðum í Dalshverfi við Álfadal, Trölladal og Dvergadal. Um er að ræða 14 lóðir fyrir 101 íbúð í rað- og fjölbýlishúsum.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Reykjanesbæjar, www.reykjanesbaer.is

Fyrirspurnir berist á netfangið skipulag@reykjanesbaer.is

Reykjanesbær 19. júní 2024

Landsins stærsti fáni á ferð um bæinn

Íslenski fáninn, sem flaggað er á Þjóðhátíðardaginn í Reykjanesbæ, er sá stærsti á landinu. Skátar báru fánann frá Keflavík-urkirkju og fóru víða um götur bæjarins áður en gangan endaði í skrúðgarðinum í Keflavík, þar sem fáninn var svo dreginn að húni.

Að lokinni hátíðarguðsþjónustu í Keflavík-urkirkju var gengið fylktu liði með hátíðarfánann í skrúðgarðinn í Keflavík undir forystu skáta úr Heiðabúum og Lúðra-sveitar Tónlistarskóla Reykjanes-bæjar ásamt sérstökum gestum úr U.S. Naval Forces Europe and Africa Band sem eru í heimsókn hér á landi á vegum bandaríska sendi-ráðsins.



Ljósmyndari Víkurfrétta var í háloftunum yfir Keflavík og myndaði hluta af ferðalagi fánans. Fleiri myndir úr fánuferðalaginu má sjá á vf.is.

Fjöldmenn þjóðhátíðargleði í skrúðgarðinum



Eins og sjá má var fjöldmennt í skrúðgarðinum í Keflavík í 80 ára afmæli lýðveldisins. VF/Hilmar Bragi



Það eru mörg ár síðan annar eins fjöldi hefur verið saman kominn á Þjóðhátíðardaginn í skrúðgarðinum í Keflavík. Í ár höfðu bæjarbúar í Reykjanesbæ reyndar nokkrar ástæður til að koma við á hátíðinni í garðinum. Í ár er fagnað 80 ára afmæli lýðveldisins Íslands og þá er einnig haldið upp á 30 ára afmæli Reykjanes-bæjar og var afmælisviku að ljúka á sjálfann þjóðhátíðardaginn.

Það er til marks um framkvæmdagleiðina í Reykjanesbæ að upphaf hátíðardagskrár í skrúðgarðinum tafðist um stundarfjórðung vegna þess að skrúðganga, sem lagði upp frá Keflavík-urkirkju með þjóðfánann, þurfti að fara mun lengri leið um bæinn vegna gatra-framkvæmda. Það var reyndar mál manna og kvenna í skrúðgarðinum, á meðan göngunnar var beðið, að ástæða er til að skoða hvort gangan geti ekki farið styttri leið frá kirkjunni í skrúðgarðinn.

Þegar gangan var þangað komin var þjóðfáninn dreginn að húni, eins og sjá má í annarri frétt í blaðinu. Þá söng Karlaórf Keflavíkur þjóðsönginn. Setningar-ræða dagsins var í höndum Guðnýjar Birnu Guðmundsdóttur, forseta bæjarstjórnar. Eva Margrét Falsdóttir, nýstúdent, var í hlut-verki fjallkonu og flutti ættjarðarljóð. Ræðu dagsins flutti svo Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri. Hann sat sem bæjarfulltrúi í 24 ár í bæjarstjórn Reykjanesbæjar og á að baki flesta bæjarstjórnarfundir þar.

Þegar formllegri hátíðardagskrá lauk tók við önnur og léttari dagskrá í skrúðgarðinum fram eftir degi. Meðfylgjandi myndir tók Hilmar Bragi við þetta tækifæri.



Ávaxtakarfan var áberandi á 17. júní.



Það tók tímana tvenna að setja upp skreytingar fyrir þjóðhátíðardaginn og þær voru vel heppnaðar.



Lögreglan var sýnileg á þjóðhátíðardaginn.



Skrúðgarðurinn var þétt skipaður gestum.



Fjallkonan kom í fylgd skáta.



Jón Ólafur Jónsson fyrrum bæjarfulltrúi var í skrúðgarðinum.



Lögreglan með góðan liðsauka í skrúðgarðinum.




Fígúrir úr Ávaxtakörfunni voru á staðnum.



Sólveig Þórdardóttir heiðursborgari var mætt.



Litskrúðugt hlaup í sumarblíðunni



Það var heldur betur litskrúðugt litahlaupið sem haldið var í Reykjanesbæ síðasta laugardag í tilefni af 30 ára afmæli bæjarins. Heilu fjölskyldurnar mættu saman við íþróttahúsið við Sunnubraut þar sem hlaupið var ræst. Þaðan var svo hlaupinn 1500 metra hringur um bæinn og voru litastöðvar með reglulegu

millibili. Þegar hlauparar komu í mark voru þeir orðnir mjög svo litskrúðugir.

Fjórið hófst með partý-stemningu, DJ, dansi og upphitun. Allir hlauparar fengu svo hressingu að hlaupi loknu frá Ölgerðinni.

Meðfylgjandi myndir tók Hilmar Bragi í hlaupinu.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

RAGNAR EÐVALDSSON,
bakameistari,
Suðurgötu 30, Keflavík,



lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 10. júní. Útförin fer fram frá Keflavíkirkirkju fimmtudaginn 27. júní klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir.

Ásdís Guðrún Þorsteinsdóttir
Helga Ragnarsdóttir Óskar Herbert Þórmundsson
Helgi B. Eðvarðsson
Anna Margrét Ragnarsdóttir Mark Goworowski
Eðvald Ragnarsson Guðrún Hrafnkelsdóttir
Jóna Birna Ragnarsdóttir Unnar Stefán Sigurðsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Frá vígslu skiltanna. Á myndinni eru f.v.: Eva Kristín Dal, Sigurður Helgi Pálmason, Kjartan Már Kjartansson og Halldóra G. Jónsdóttir. VF/Hilmar Bragi

Svipmyndir úr sögunni

■ Ný söguskilti vígð við strandleiðina í Reykjanesbæ

Ný söguskilti við strandleiðina voru formlega vígð neðan við Duus safnahús í afmælisviku Reykjanesbæjar. Á skiltunum má sjá svipmyndir frá Reykjanesbæ fyrri tíðar ásamt stuttum sögumolom. Skiltunum er ætlað að hvetja íbúa til útivistar og kynnast bænum sínum og sögu hans betur.

Eva Kristín Dal, safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar, sagði þegar skiltin voru formlega

vígð að nú hafi verið sett upp þrjú skilti en þau verði alls sex talsins. Þá eru hugmyndir uppi um það að skipta reglulega um efni á skiltunum, enda mikið magn gamalla mynda til í safnkosti byggðasafnsins sem getur notið sín á svona skiltum. Þá er svokallaður QR-kóði á hverju skilti þar sem hægt er að sækja nánari upplýsingar um myndefnið á hverju skilti.



Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Akurskóli - kennari á unglíngastigi
Háaleitisskóli - Skólastjóri
Leikskólinn Holt - Proskapjálfi
Myllubakkaskóli - Sérkennari
Njarðvíkurskóli - Umsjónarkennari á unglíngastigi
Stapaskóli - Kennari á miðstigi
Stapaskóli - Kennari á unglíngastigi
Tjarnarsel - Leikskólakennarar

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



JAFNLAUNAVOTTUN
2023 - 2026

NÝR ÞÁTTUR Á FÖSTUDÖGUM
YOUTUBE-RÁS VÍKURFRÉTTA OG VF.IS

SUÐURNESJA
VF **magasín**



Sumarmessa á Hvalsnesi helguð minningu sr. Hallgríms Péturssonar

Félag fyrrum þjónandi presta annast sumarmessu á Suðurnesjum í Hvalsneskirkju sunnudaginn 23. júní kl 14:00.

Messan verður helguð minningu sr Hallgríms Péturssonar sem þjónaði þar á árunum 1644-1651 en í haust verða liðin 350 ár frá andláti hans. Án efa verður það góð upplifun að njóta messu með helstu reynsluboltum úr prestastétt.

Sr Kristján Valur Ingólfsson, fyrrum Vígslubiskup í Skálholti, fer fyrir hópnun.

NÝBURAR



Drengur fæddur 11. júní á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
Þyngd: 3676 grönn
Lengd: 51 sentimetri
Foreldrar heita Paula Izabela Kurkowska og Ismael Þór Ólafsson. Fjölskyldan er búsett í Vogunum. Ljós móðir: Katrín Helga Steinþórsdóttir



Stúlka fædd 11. júní á ljósmæðravakt Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.
Þyngd: 3150 grömm
Lengdd: 48 sentimetrar
Foreldrar heita Herdís Júlía Margrétardóttir og Hafsteinn Helgi Davíðsson. Þau eru búsett í Reykjanesbæ.
Ljós móðir: Guðlaug María Sigurðardóttir

Hert útlendingalöggjöf

Alþingi samþykkti í síðustu viku ný útlendingalög. Gerðar eru mestu breytingar á lögum um útlendinga frá því að lögini voru sett árið 2016. Löggjöfin er færð nær því sem gildir á Norðurlöndum og íslenskar sérreglur afnumdar. Ísland hefur tekið hlutfallslega á móti flestum hælisleitendum í Evrópu. Ástæðan er veikt regluverk. Þessu hefur verið breytt með nýju lögum. Rúmlega 60% þjóðarinnar telur að of margir flóttamenn hafi fengið hæli hér á landi. Á Suðurlandi og Reykjanesi er þessi tala 80%. Sérstakt fagnaðarefni er að regluverkið í útlendingamálum hefur nú verið hert. Nýju lög svara kalli þjóðarinnar. Með nýju lögum mun hælisleitendum fækka. Draga mun úr álagi á félagslega kerfinu og innviðum í landinu. Kostnaður ríkissjóð mun að sama skapi lækka en hann hefur farið úr öllum böndum. Suðurnesin hafa ekki farið varhluta af þessu álagi og þá sérstaklega Reykjanesbær, á því mun verða breyting til hins betra. Útlendingafrumvarpið var samþykkt

á Alþingi með 42 atkvæðum. Píratar voru á móti. Samfylking og Viðreisn sátu hjá. Athygli vakti að þingmenn Samfylkingar og Viðreisnar, búsettir í Reykjanesbæ, sátu hjá. Þeim ætti að vera kunnugt um óánægju íbúa með stöðu útlendingamála.

Áhyggjuefni er að Samfylkingin, sem mælt hefur stærsti stjórnmálaflokkurinn í könnunum, skuli hvorki hafa burði né vilja til að styðja herta löggjöf í útlendingamálum. Í febrúar sagði formaður Samfylkingarinnar í ræðu á Alþingi að hún tæki mark á áhyggjum almennings í útlendingamálum. Þegar á hólminn var komið var ekki að marka þau orð. Samfylkingin stóð ekki með almenningi og sat hjá í atkvæðagreiðslunni. Engin rök mæla með því að Ísland, fámennasta land Evrópu, skuli taka á móti hlutfallslega flestum hælisleitendum. Örugg landamæri eru forsenda velferðarkerfis, sjálfbæra ríkisfjármála og traustra innviða. Regluverkið á Íslandi í útlendingamálum verður að taka mið af fámenni þjóðarinnar.



Birgir Þórarinnsson
Höfundur er alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og situr í flóttamannanefnd Evrópuráðsins.

Auglýsing um stofnfund sameinaðs stjórnendafélags

Félag stjórnenda.

Stofnfundur sameinaðs stjórnendafélags; Stjórnendafélags Vesturlands, Stjórnendafélags Suðurnesja, Stjórnendafélags Suðurlands og Jaðars félags stjórnenda á Akranesi verður haldinn þann 26. júní kl. 19:00, að Hlíðarsmára 8 Kópavogi.

Dagskrá stofnfundar:

1. Afgreiðsla tillögu um lög félagsins.
2. Kosningar í embætti félagsins, sem samkvæmt drögum að lögum eru:
 - 2.a. Kosning 8 fulltrúa í stjórn félagsins.
 - *Kosning í embætti formanns og ritara og 2ja meðstjórnenda til eins árs
 - *Kosning varaformanns, gjaldkera og 2ja meðstjórnenda til 2ja ára
 - 2.b. Kosning í orlofsnefnd
 - 2.c. Kosning 2ja skoðunarmanna
 - 2.d. Kosning 2ja aðalmanna og 2ja varamanna í stjórn STF
3. Önnur mál

Allir félagsmenn sameiningarfélaganna eiga rétt til þátttöku á fundinum. Á fundinum verða léttar veitingar.

Boðið verður upp á rútuferðir frá Stykkishólmi, Keflavík og Selfossi.

Félagsmenn sem ætla að mæta á fundinn verða að skrá sig á fundinn á netfangið: stjornandi@stjornandi.is

Stjórnir Stjórnendafélags Vesturlands, Stjórnendafélags Suðurnesja, Stjórnendafélags Suðurlands og Jaðars félags stjórnenda á Akranesi.





Enginn íslenskur körfuknattleiksmaður leikið með jafn öflugum háskóla

„Stefnan að klára námið og fara svo í atvinnumennsku,“ segir Bragi Guðmundsson, körfuknattleiksmaður frá Grindavík, en hann er nýlega kominn heim frá Bandaríkjunum eftir ársdvöl í hinum eina sanna Penn State-háskóla. Líklegt má þykja að enginn íslenskur körfuknattleiksmaður hafi leikið með jafn þekktu háskólaliði í Bandaríkjunum en skólinn er í einum af sterkustu deildunum í háskólaboltanum og gæðin því gífurleg. Bragi er ungur og fékk ekki mörg tækifæri og hefur því tekið ákvörðun um að færa sig um set í Bandaríkjunum.

Bragi sér alls ekki eftir því að hafa valið Penn State og er sannfærður um að hafa bætt sig mikið sem körfuknattleiksmaður, bæði innan og utan vallar.

„Þetta með að fara í Penn State kom í raun of seint upp svona eftir á að hyggja. Mitt plan var ekki að fara í háskólaboltann í Bandaríkjunum, ég vildi frekar komast til liðs í Evrópu þar sem ég væri bæði í atvinnumennsku og námi. Svo kom þetta upp og ferlið tók u.þ.b. þrjá mánuði og þegar ég loksins gat farið út var liðið búið að vera æfa saman í nokkra mánuði. Ég vissi auðvitað fyrirfram að það yrði erfitt að fá spilatíma því þetta er körfubolti á mjög háu stigi og flestir eldri en ég en það var ekkert annað að gera en bretta upp ermar og taka á því.

Ég hef aldrei æft eins mikið, er líklega búinn að bæta á mig tæpum tíu kílóum af massa og er sannfærður um að hafa bætt mig á allan hátt. Ég var búinn að vera æfa og



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



spila með Grindavík í úrvalsdeild og þar er auðvitað hátt getustig en þetta úti var mun hærra, bæði mun meiri hraði og líka mjög líkamlegt. Allar æfingar eins og við værum að spila leik, hart barist og stundum lá við slagsmálum en þetta gerði ekkert nema bæta mig. Ég var alltaf í hóp og fékk einstaka ruslaminútur en yfir höfuð var ég ekki nógu ánægður með hve lítið hlutverk ég var með og eftir spjall við þjálfarann tókum við þá ákvörðun að best væri fyrir mig að skipta um skóla. Ég setti nafnið mitt í svokallaðan „transfer portal“-pott [leikmenn sem vilja skipta yfir í annan skóla, setja nafnið sitt í pott og önnur lið geta haft samband]. Campbell University hafði sýnt mér áhuga síðasta sumar og þeir höfðu strax samband. Ég kíkti á að-



Ég vissi auðvitað fyrirfram að það yrði erfitt að fá spilatíma því þetta er mjög hátt level og flestir eldri en ég en það var ekkert annað að gera en bretta upp ermar og taka á því ...

stæður hjá þeim og einum öðrum skóla en fann strax að ég ætti heima í Campbell. Þetta er fyrstu-deildarskóli en í mun veikari deild en Penn State, ætli þetta sé ekki svipaður styrkleiki og Davidson-háskólinn sem Jón Axel bróðir lék með. Ég hef trú á að ég fái meiri spilatíma þar en auðvitað er ekkert



gefins í þeim efnum. Ég þarf að leggja á mig og standa mig, öðruvísi fæ ég ekki mínútur.“

Háskólanám og atvinnumennska

Bragi stefnir á að útskrifast með gráðu en veit nákvæmlega hvert hann stefnir að námi loknu.

„Ég vona að ég muni finna mig vel í Campbell. Námið sem ég var í í vetur gekk vel, ég vildi ekki velja

of erfitt svona á fyrsta árinu og var í „Communications“ en er búinn að skrá mig í viðskiptafræði í vetur og ætla mér að stíga upp í náminu sömuleiðis. Stefnan er klárlega sett á að klára háskólaboltann og útskrifast með góða gráðu en að vera í svona háskólanámi er í raun ígildi atvinnumennsku. Það er æft eins og atvinnumaður og skólagjöldin eru það dýr að það má líta á þetta sem atvinnumennsku. Eftir skólann er síðan stefnan sett á „alvöru“ atvinnumennsku, hvort sem það verði í NBA eða Evrópu. Ég er ungur og á helling inni, get bætt mig mjög mikið sem leikmaður og ætla mér að gera það,“ sagði Bragi að lokum.



Stefán sæll með draumahöggjó.
VF/Gunnar Logason

Njarðvíkingar í harðri toppbaráttu

Njarðvíkingar gefa ekkert eftir í toppbaráttunni í Lengjudeild karla í knattspyrnu og sitja í öðru sæti, einu stigi frá toppnum. Njarðvík hefur unnið alla sína leiki á tímabilinu fyrir utan eitt jafntefli og eitt tap, tapið kom á móti Fjölni sem er efst.

Keflavík og Grindavík eru um miðja deild en Grindvíkingar unnu fyrsta leikinn í síðustu umferð þegar þeir lögðu Leikni með einu marki en á sama tíma gerði Keflavík markalaust jafntefli við Dalvík/Reyni.

Á vef VÍkurfréttu, vf.is, er fjallað ítarlega um leiki Suðurnesjaliðanna, þar að auki eru úrslit og myndir birtar úr öllum deildum.



Arnar Helgi Magnússon fagnar glæsilegu skallamarki sínu í 3:0 sigri á ÍR en það er ekki á hverjum degi sem þessi öflugi varnarmaður skorar. VF/JPK

Stefán með draumahögg í Bergvík

Stefán Guðjónsson, kylfingur úr Golfklúbba Suðurnesja, komst í mjög fámennan hóp þeirra sem hafa farið holi í höggi frá meistarateigum á þriðju brautinni í Leiru, Bergvíkinni, sem margir telja mestu golfbraut landsins.

Stefán sló með 4-járni en þriðja brautin frá meistarateigum telur um 180 metra á miðja flöt þar sem stöngin var þegar Stefán náði draumahögginu. Það er magnað að standa á þessum teig í nokkurra tuga metra hæð og horfa yfir Bergvíkina. Hvað þá í mótvindi.



„Klæði Dana“ á ytri höfninni í Keflavík

Dannebrog, snekkja Friðriks X Danakonungs, hafði viðkomu á ytri höfninni í Keflavík í síðustu viku. Dannebrog áði á Stakksfirðinum í um hálfan sólarhring áður en ferðinni var haldið til Reykjavíkur. Þar átti snekkjan að hafa viðvöl í nokkra sólarhringa áður en haldið yrði áfram til Grænlands. Siglingin á áfangastað við vestuströnd Grænlands er áætluð tíu sólarhringar. Þangað er Friðrik konungur væntanlegur í heimsókn fljótlega í júlí og verður Dannebrog íverustaður konungs á meðan Grænlandsheimsókninni stendur.

Jón Steinar Sæmundsson tók saman upplýsingar um Dannebrog og birti á vefsvæði sínu um



skip, Bata- og bryggjubrólt, með myndum Víkurfréttanna. Snekkjan er öll hin glæsilegasta. Kjölur var lagður að smíði hennar árið 1931 og hleypt af stokkunum í ársbyrjun 1932 af Alexandrine drottningu Dana sem ríkti frá 1912 til 1947 en hún var gift Kristjáni X Danakonungi. Þetta segir okkur það að drottning þessi ríkti einnig yfir okkur Íslendingum frá 1918 til 1944 en það er



Dannebrog er glæsilegt fley og tók sig vel út á ytri höfninni.

nú önnur saga. Snekkjan var svo tekin í notkun 26. maí það ár. Hún er smíðuð úr stáli og hnoðuð saman. Smíðin fór fram í konunglegu flotastöðinni í Kaupmannahöfn. Skipið er 78,4 metrar á lengd og 10,4 metrar á breidd. Snekkjan er íverustaður Danakonungs eða meðlima konungsfjölskyldunnar í opinberum heimsóknum hennar erlendis og/eða í sumarfríum hennar. Áhöfnin telur 52 menn.

Snekkjan dregur nafn sitt af danska fánanum sem einmitt nefndur er Dannebrog sem þýðir víst „Klæði Dana“.

Ljósmyndir: Hilmar Bragi

Af hverju breyta þegar ekki er þörf?

LOKAORD



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

Allar breytingar eru af hinu góða, þar til annað kemur í ljós er gott viðhorf. Sjá hvað út úr breytingunni kann að koma. Mér brá þó aðeins þegar að tilkynnt var að breyta ætti háheilögum fréttatíma sjónvarpsins vegna „ofríkis íþróttahéimsins“ ens og einhver orðaði það svo snyrtilega.

Stjórnunarfræði og heilbrigð skynsemi segja manni að öllum breytingum fylgi ákveðin aðlögun. Menntafræðingurinn segir að menn geta valið að vera með eða á móti. En að breyta fréttatíma sjónvarps nánast án fyrirvara og sleppa svo seinni fréttatímanum fannst mér stappa við hreinan dólgshátt. Hvernig í ósköpunum átti ég, fréttabyrstur maðurinn, að fylgjast með hvað væri að gerast í kringum mig. Ákvað samt að vera opin fyrir breytingunni í þeirri veiku von að ég sæi að lokum ljósið.

Það líður að sumarsólstöðum, þegar ljósið ríkir allan sólar-



Mundi

Hannes, nú breytir þú klukkunni. Ferð í stillingar, breytir 21:00 í 19:00 og gæðir tvo tíma!

hringinn. Það verður að segjast eins og er að ég er að verða nokkuð ánægður með þessa valdbeitingu útvarpsstjóra, bara að verða nokkuð sammála honum um að fréttatímar eru ofmetið fyrirbæri sem helst skuli vera á dagskrá eftir að allt sómakært fólk er farið að sofa.

Að öllu gamni slepptu og sem áhugamaður um sjónvarp þá er bara eitt sem ég skil ekki. Af hverju þurfti að breyta, þegar að breytinganna var ekki þörf. Ríkisútvarpið ræður yfir nokkum rásum. Þannig hefði mátt sýna íþróttafnið á einni rás, eða jafnvel tveimur, og leyft þverhausunum að að velja hvort þeir vildu horfa á stórskemmtilega íþróttadagskrá kvölds og morgna og auka við efnið, hafa golf, fjallaklifur og pílukast eða bara horfa á fréttir eins og venjulega.

Öll tölublað Víkurfréttanna frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á

timarit.is

Júnítilboð

25% afsláttur af öllum vörum út júní.

*gildir ekki af linsum



Optical Studio

REYKJANESBÆR

opticalstudio.is | Hafnargata 45 | 421-3811